



## Fundur háskólaráðs 7. desember 2006

### Fundargerð

Málsnúmer: HI06010052  
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Margrét Ludwig  
Staða: Fært í skjalasafn

### Dagsetningar:

Búið til: 01.12.2006  
Dags: 07.12.2006

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)  
101 REYKJAVÍK  
Sími: 525 4000; 525 4300  
Fax: 552 1331

16/2006

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2006, fimmtudaginn 7. desember var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir, Erna Kristín Blöndal, Helgi Þorbergsson, Inga Jóna Þórðardóttir, Ólafur Þ. Harðarson, Rúnar Vilhjálmsson, Sigurrós Eiðsdóttir og Þórdís Kristmundsdóttir. Matthías Páll Imsland boðaði forföll. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og hún samþykkt.

### 1. Mál á dagskrá

#### 1.1 Frá háskólafundum. Stefna Háskóla Íslands 2006-2011: Efling tengsla við atvinnulíf. Tillögur gæðanefndar um akademísk gestastörf.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

- Tillögur gæðanefndar, sem höfðu áður verið á dagskrá háskólaráðs 2. nóvember sl. og á háskólafundum 17. nóvember sl., samþykktar einróma. Til samræmis var einnig samþykkt framlögð tillaga að breytingu á 13. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands sem fjallar um hlutverk og starfsemi deilda. Þá er gæðanefnd falið að semja verklagsreglur um þær faglegu kröfur sem gera skal til þeirra sem til álita koma í gestastörf og um það hvernig staðið skuli að matinu. Jafnframt er því beint til nefndarinnar að hún hugi að enskri þýðingu á heitum akademískra gestakennara.

#### 1.2 Fjárhagsáætlun Háskóla Íslands fyrir árið 2007 og viðræður við stjórnvöld um fjármögnun skólans á grundvelli stefnu Háskóla Íslands 2006-2011. Endurnýjun samninga um kennslu og rannsóknir.

Rektor greindi frá stöðu viðræðna við stjórnvöld um fjármögnun stefnu Háskóla Íslands 2006-2011, m.a. í tengslum við endurnýjun samninga um kennslu og rannsóknir. Inn á fundinn kom Gunnlaugur H. Jónsson, innri endurskoðandi Háskólans, og gerði grein fyrir hugmyndum fjármálanefndar um skiptingu fjárveitinga fyrir árið 2007. Málið var rætt og svöruðu rektor og Gunnlaugur framkomnum spurningum og athugasemdum.

#### 1.3 Málefni Vísindagarða Háskóla Íslands ehf.

Inn á fundinn kom Eiríkur Hilmarsson, nýráðinn framkvæmdastjóri Vísindagarða Háskóla Íslands ehf. og bauð rektor hann velkominn til starfa. Rektor og Eiríkur gerðu rækilega grein fyrir stjórn, stöðu og áformum varðandi Vísindagarða. Málið var rætt ítarlega og svöruðu Eiríkur og rektor framkomnum spurningum og

athugasemdom. Sökum þess að Háskóli Íslands er eini hluthafinn í félaginu telst fundur háskólaráðs jafnframt hluthafafundur Vísindagarða Háskóla Íslands ehf.

## 2. Erindi til háskólaráðs

### 2.1 Stjórnir, nefndir og ráð:

a. Skipan tveggja fulltrúa Háskóla Íslands í samstarfsnefnd um málefni samnings Háskóla Íslands og Landlæknisembættisins um kennslu og rannsóknir í lýðheilsufræðum og öðrum heilbrigðisvísindagreinum, dags. 12. október 2006. Skipunin er til þriggja ára.

- Frestað.

b. Skipan þriggja fulltrúa Háskóla Íslands í samstarfsnefnd um málefni samnings Háskóla Íslands og Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins um kennslu og rannsóknir, dags. 21. nóvember 2006. Skipunin er til þriggja ára.

- Frestað.

### 2.2 Tillaga að breytingu á reglum:

**Umsögn kennslumálanefndar um tillögu félagsvísindadeildar um meistaranám í hagnýtri þjóðfræði, sbr. síðasta fund.**

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

- Tillögur félagsvísindadeildar um 45 eininga nám í hagnýtri þjóðfræði samþykktar einróma. Jafnframt er því beint til gæðanefndar háskólaráðs að hún ljúki vinnu við mótun viðmiða og krafna um gæði meistaranáms við Háskóla Íslands.

### 2.3 Tillögur deilda um fjöldatakmörkun 2007-2008.

Rektor gerði grein fyrir framlögðum tillögum deilda um fjöldatakmörkun háskólaráðið 2007-2008:

Læknadeild

- læknisfræði 48 nýnemar (óbreytt frá fyrra ári)
- sjúkraþjálfun 25 nýnemar (óbreytt frá fyrra ári)
- geislafræði 10 nýnemar (óbreytt frá fyrra ári)
- lífeindafræði 15 nýnemar (óbreytt frá fyrra ári)

Hjúkrunarfræðideild

- hjúkrunarfræði 105 nýnemar (óbreytt frá fyrra ári)
- ljósmóðurfæði 10 nýnemar (óbreytt frá fyrra ári)

Tannlæknadeild

- tannlæknisfræði 6 nýnemar (óbreytt frá fyrra ári)

Félagsvísindadeild

- kennslufræði til kennsluréttinda 90 nýnemar (óbreytt frá fyrra ári)
- meistaranám í blaða- og fréttamennsku 21 nýnemi (óbreytt frá fyrra ári)
- fyrrihluti meistaranáms í námsráðgjöf 25 nýnemar (óbreytt frá fyrra ári)
- seinni hluti meistaranáms í náms- og starfsráðgjöf 20 nýnemar (10 í fullu námi, 10 í hlutanámi)
- cand. psych. nám í sálfræði 16 nýnemar (voru 15 háskólaárið 2006-2007).

- Samþykkt einróma.

**2.4 Tillaga um að brautskráningarathöfn vorið 2007 verði laugardaginn 16. júní í stað 23. júní 2007.**

Rektor skýrði framlagða tillögu um að brautskráningarathöfn vorið 2007 verði flýtt um eina viku, þ.e. frá 23. júní til 16. júní 2007.  
- Samþykkt einróma.

**2.5 Drög að samstarfssamningi Háskóla Íslands og ÍSOR**

Rektor kynnti málið og var það rætt ítarlega.  
- Samþykkt einróma að gengið verði frá samningnum.

**2.6 Nýsköpunar- og frumkvöðlasetur við Háskóla Íslands, erindi frá stúdentum, sbr. fund ráðsins 26. júní sl.**

Inn á fundinn kom Andri Heiðar Kristinsson, meistaranemi í hagfræði, og kynnti hugmyndir stúdenta um nýsköpunar- og frumkvöðlasetur við Háskóla Íslands. Málið var rætt ítarlega og svaraði Andri Heiðar framkomnum spurningum og athugasemdum.  
- Samþykkt að vísa málinu til umsagnar þróunarstjóra Háskólans, formanna vísindanefndar og fjármálanefndar háskólaráðs og framkvæmdastjóra Vísindagarða ehf.

**2.7 Erindi nemanda vegna synjunar deildarráðs hjúkrunarfræðideildar á beiðni um undanþágu til að hefja nám á 3. ári**

Rektor kynnti málið stuttlega.  
- Samþykkt að fela Arnfríði Guðmundsdóttur, varafulltrúa hugvísindasviðs, Helga Þorbergssyni, fulltrúa raunvísindasviðs, og Sigurrós Eiðsdóttur, fulltrúa stúdenta, að undirbúa ákvörðun háskólaráðs um málið fyrir næsta fund.

**2.8 Erindisbréf fjármálanefndar og ákvörðun um nýjan formann nefndarinnar.**

- Frestað.

**3. Til fróðleiks**

**3.1 Niðurstöður frá háskólafundi 17. nóvember 2006. Yfirlit.**

**3.2 Umsögn um frumvarp til laga um opinberan stuðning við tæknirannsóknir, nýsköpun og atvinnuþróun, 280. mál, heildarlög, Nýsköpunarmiðstöð Íslands.**

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 15.30.